



ÁRSSKÝRSLA 2023

Útgáfudagur 8. maí 2024

Ávarp forstjóra

Árið 2023 var viðburðaríkt ár fyrir Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) enda er það viðamikil verkefni að viðhalda og byggja upp góða heilbrigðisþjónustu á nær öllum málefnasviðum íslenskrar heilbrigðisþjónustu á jafn dreifbýlu svæði og Austurland er. Þrátt fyrir margar og stórar áskoranir tókst starfsfólki HSA vel til á árinu 2023. Það sést til að mynda í þeim þjónustukönnunum sem gerðar voru á starfsemi HSA sem og í könnuninni um stofnun ársins en í báðum þessum könnunum mældist HSA efst meðal heilbrigðisstofnana. Þessi árangur er langt frá því að vera sjálfgefinn heldur byggir hann á anda og gildum HSA sem eru „Samvinna um velferð“ og virðing, öryggi, fagmennska. Samvinna og lausnamiðuð hugsun er forsenda fyrir því að HSA geti sinnt sínu viðamikla samfélagslega hlutverki og því er nauðsynlegt að öll okkar samskipti fóstri þá hugsun.



Í upphafi árs 2023 féll snjóflóð í Neskaupstað sem svo óþægilega minnti á nábyli okkar við óvægna náttúru Íslands. Viðbragð HSA var viðamikil enda var um tíma ekki ljóst hvort rýma þyrfti Umdæmissjúkrahúsið okkar vegna snjóflóðahættu. Þrátt fyrir að segja megi að betur hafi farið en á horfðist í fyrstu, sýna atburðir sem þessir mikilvægi þess að HSA sé viðbúið þegar óvæntir viðburðir og áföll dynja á okkar samfélagi enda er HSA nánast eini veitandi heilbrigðisþjónustu á Austurlandi öllu.

Rekstur HSA var ein af stóru áskorunum ársins 2023 enda krefjandi ástand efnahagsmála á Íslandi öllu sem viðbúið er að hafi umtalsverð áhrif. Hallarekstur var á HSA allt árið 2023 en með viðbótarfjárframlagi sem byggir á skilningi og velvilja stjórnvalda gagnvart þjónustu HSA tókst að reka stofnunina fyrir þau fjárframlög sem henni bárust. Til framtíðar er það forsenda áframhaldandi uppbyggingar og góðs gengis HSA að okkur takist að reka stofnunina með sjálfbærum hætti og að fjármögnun starfseminnar sé trygg. Þar ber stofnunin sjálf mikla ábyrgð ásamt stjórnvöldum hvers tíma.

Þjónustuþörf við eldri borgara fer vaxandi með hækkandi aldri okkar Íslendinga. Þessi jákvæða þróun krefst einmitt þess sem við hjá HSA viljum vera þekkt fyrir þ.e. lausnamiðuð nálgun og framþróun þjónustunnar. HSA ásamt Múlaþingi og Fjarðabyggð eru þátttakendur að verkefninu gott að eldast sem ætlað er að samþætta félags og heilbrigðisþjónustu fyrir þennan hóp þjónustuþega. Það er ekki einungis von mín að vel takist til heldur tel ég það beinlínis nauðsynlegt að sveitarfélög á Austurlandi ásamt HSA taki myndarlega utan um þennan málaflokk þannig að það verði raunverulega gott að eldast á Austurlandi. HSA mun á árinu 2024 stíga markvissari skref til framþróunar málaflokksins m.a. með því að byggja frekar upp heimahjúkrun út frá okkar öfluggu hjúkrunarheimilum.

Fyrir þremur árum síðan bættist í hóp starfsstöðva HSA þegar hjúkrunarheimilin Uppsalar og Hulduhlíð urðu partur af HSA. Nú 1. júní bættist enn við HSA þegar hjúkrunarheimilið Sundabúð á Vopnafirði verður nýr partur af HSA. Við hjá HSA fögnum þessari þróun enda eykur hún möguleika okkar á samþættingu heilbrigðisþjónustu og bjóðum við íbúa og starfsfólk Sundabúðar hjartanlega velkomnið.

Á árinu 2023 barst HSA fjárframlag til ýmissa tækjakaupa sem gera okkur betur kleyft að sinna okkar þjónustu. Sett var upp nýtt tölvusneiðmyndatæki á Umdæmissjúkrahúsinu okkar en það tæki eykur rannsóknargetu sjúkrahússins til muna. Einnig bárust stofnuninni fjölmargar gjafir sem allar koma að miklu gagni m.a. við líknarþjónustu, rannsóknir og almenna heilbrigðisþjónustu. Við alla okkar velunnara langar mig að segja kærar þakkir.

Undanfarna mánuði hefur verið unnið að stefnumörkun sjúkrasviðs HSA með aðkomu starfsfólks og hinna ýmsu hagsmunaaðila. Stefnumótunin mun leiða vinnu okkar á sjúkrasviði til framtíðar en til þess að vel takist til þarf eins og í allri heilbrigðisþjónustu að tryggja mönnun fagfólks. Það er von mín að á næstu vikum verði klárað samkomulag sem byggir á vinnu starfshóps sem heilbrigðisráðherra skipaði sem ætlað er að auka samvinnu HSA og Landspítala ásamt Sjúkrahúsinu á Akureyri um mönnun sérhæfðs fagfólks.

Heilbrigðisstofnun Austurlands er öflug heilbrigðisstofnun og hefur sýnt það undanfarin ár en það birtist í hinum ýmsu mælikvörðum sem teknir eru út um starfsemi stofnunarinnar. Árangurinn byggir á samvinnu starfsfólks HSA sem aftur og aftur sýnir þrautseigju, dugnað og lausnamiðaða nálgun við erfiðar áskoranir. Við munum halda því áfram.

Guðjón Hauksson,
forstjóri



Mannauður

þeir sem eiga vini í vinnunni eru almennt glaðari

Eitt ár er fljótt að líða og gott að fá tækifæri til að staldra við og líta yfir farinn veg og fagna því sem hefur áunnist undanfarið ár. Heilbrigðisstofnun Austurlands samanstendur af 13 starfsstöðvum sem eru staðsettar vítt og breytt um Austurland og er starfsmannafjöldi um 450. Starfsfólkið myndar því marga fjölbreytta en samheldna hópa sem eiga það sameiginlegt að búa yfir mikilli reynslu, færni og þekkingu. Í sumar bætist síðan við fjórtánda starfsstöðin sem er hjúkrunarheimilið Sundabúð á Vopnafirði. HSA heldur því áfram að vaxa sem er ánægjulegt og hlökkum við til kynnst betur starfseminni og starfsfólkinu á Sundabúð. Mikið af okkar starfsfólki hefur langan starfsaldur en um 20% hafa náð 20 ára starfsaldri. Starfsfólkið okkar hefur fjölbreyttan bakgrunn sem auðgar vinnustaðinn en einstaklingar af 24 þjóðernum starfa hjá HSA.




Jafnréttismál eru okkur alltaf hugleikin. Í mars fór HSA í sjötta sinn í gegnum endurúttekt vegna jafnlaunavottunar. Jafnréttisáætlun var yfirfarin, endurskoðuð og staðfest af Jafnréttisstofu og gildir nú til ársins 2027. HSA fékk í annað sinn viðurkenningu Jafnréttisvogarinnar en viðurkenningu hljóta þau félög, stofnanir og sveitarfélög sem hafa náð að jafna hlutfall kynja í efsta lagi stjórnar. Í stjórnendastörfum innan HSA er kynjahlutfallið 71% konur og 29% karlar en á vinnustaðnum í heild er mikill meirihlutinn konur eða 88% og 12% karlar. Við erum stolt af þessu öllu og trúum því að jafnrétti og fjölbreytileiki sé afar mikilvægur hlekkur í að skapa góðan vinnustað.


Fræðsla og þjálfun er lykilþáttur í starfsánægju og eflir sjálfstraust. Árið 2023 voru samþykkt 98 námsleyfi og þar að auki voru fimm starfsmenn í lengra námsleyfi sem hluta af starfshlutfalli sínu. Í samstarfi við Austurbrú voru lögð drög að fræðsluáætlun til tveggja ára. Skipaður var stýrihópur sem samanstóð af starfsfólki HSA og í kjölfarið var gerð þarfagreining meðal starfsfólksins. Niðurstöðurnar hafa nú þegar verið nýttar til að skipuleggja fjölbreytta fræðslu m.a. hinsegin fræðslu á vegum Samtakanna 78, fræðslu um sér færni, fræðslu um fjöláföll- og tengslavanda barna og einnig hafa verið haldin tíu skyndihjálparnámskeið á fjölmennustu starfsstöðvum HSA.

Við höldum áfram að bjóða stjórnendum HSA upp á sérsniðin námskeið og á síðasta ári voru haldin námskeið um stjórnsýslurétt, sáttamiðlun og betri og árangursríkari starfsmannasamtöl. Sú fræðsla var liður í því að innleiða starfsmannasamtöl með skipulögðum hætti og er markmiðið að allt starfsfólk fái a.m.k. eitt starfsmannasamtal á ári við sinn næsta yfirmann.

Síðast en alls ekki síst mældist HSA hæst allra heilbrigðisstofnana á landinu, annað árið í röð í könnun um Stofnun ársins. Á neðangreindri mynd má sjá hvernig heildareinkunn hefur þróast sl. fjögur ár hjá HSA í samanburði við meðaltal annarra heilbrigðisstofnana.



HSA hefur síðustu tvö ár náð yfir 4 af 5 mögulegum, heildar starfsánægja mælist há og erum við einstaklega stolt af þessum árangri. Þættirnir sem vega inn í matið um Stofnun ársins eru stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt og jafnrétti og á myndinni hér fyrir neðan sést hvað hver þáttur vegur mikið af heildareinkunn:



Hækkun varð á öllum þessum þáttum en ímynd stofnunar og launakjör hækkuðu mest á milli ára. Það voru þrír þættir sem lækkuðu lítillega á milli ára en það voru starfsandi (-0,02) stjórnun (-0,01) og vinnuskilyrði (-0,06) en breytingin var óveruleg.

Á myndunum hér fyrir neðan má sjá fimm hæstu og fimm lægstu einkunnir. Það er ánægjulegt að sjá að hæsta einkunnin sem mælist tengist fullyrðingunni „mér kemur vel saman við samstarfsfólk mitt“ en rannsóknir hafa sýnt að þau sem eiga vini í vinnunni eru almennt glaðari, afkastameiri og líklegri til að vera ánægð í starfi.

Helstu niðurstöður - Fimm hæstu og lægstu einkunnir

Heilbrigðisstofnun Austurlands



Lægstu þættirnir snúa að launakjörum og ánægju með hljóðvist og loftgæði.

Heilbrigðisstofnun Austurlands



Síðustu tvö ár höfum við markvisst unnið með niðurstöðurnar með því t.a.m. að gera könnun meðal starfsfólks hvaða tvo til þrjá þætti þau óska eftir að verði lögð áhersla á. Dæmi um það er að innleiða starfsmannasamtöl, innleiða fræðsluáætlun, styrkja ímynd HSA og fleira, það hefur gefið góða raun að okkar mati. Eins höfum við fundið að árangur HSA í könnun um Stofnun ársins hefur vakið athygli, sem dæmi höfum við fundið fyrir auknum áhuga á störfum hjá HSA. Það skiptir máli í þeirri gríðarlegu samkeppni sem við erum á vinnumarkaði um framúrskarandi starfsfólk og eykur líkur að rétt fólk sé ráðið í rétt hlutverk.

Ég er stolt af þeim árangri sem HSA hefur náð sl. árið í okkar krefjandi umhverfi en er á sama tíma meðvituð um að það að viðhalda vellíðan og ánægju í fjölbreyttum hópi starfsfólks sem hefur ólíkar væntingar og þarfir krefst stöðugar vinnu og endurskoðunar. Það er enn mikið verk óunnið og höldum við ótrauð áfram, jákvæð og full tilhlökkunar fyrir komandi verkefnum.

Þórnara Gró Friðjónsdóttir,
framkvæmdastjóri mannauðs

Ársreikningur

Heilbrigðisstofnun Austurlands er ríkisaðili í A-hluta sem sinnir heilbrigðisþjónustu á Austurlandi og veitir almenna heilsugæslu-, sjúkra- og hjúkrunarþjónustu. Starfsemi Heilbrigðisstofnunar Austurlands nær frá Djúpavogi til Bakkafjarðar.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 6.602,- milljónir og jákvæð afkoma kr. 55,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 101 milljón í árslok og eignir samtals kr. 990,7 milljónir.

Gjöld HSA hækka um kr. 373,4,- milljónir króna á milli ára og má rekja það m.a. til verulega aukins kostnaður við sjúkraflutninga, fjölgun bakvakta í heilsugæslu ásamt almennum launahækkunum og verðlagshækkunum.

Rekstur heilbrigðisþjónustu er mikil áskorun en HSA hefur tekist að halda afkomu stofnunarinnar jákvæðri á undanförunum árum þó viðsnúningur hafi átt sér stað árið 2022.

Með aðhaldi í rekstri, útsjónarsemi, aukinni kostnaðarvitund, tækninýjungum og teymishugsun starfsfólks ásamt viðbótarfjárframlagi frá ríkissjóði gat HSA snúið rekstrinum í jákvæða afkomu að nýju. Meðalfjöldi stöðugilda lækkaði um 2,28 milli ára.

Svava Ingibjörg Sveinbjörnsdóttir,
framkvæmdastjóri fjármála

Yfirlit um afkomu ársins 2023

	2023	2022
Tekjur		
Tekjufærsla fjárveitinga	6.197.095.000	5.454.142.552
Seld þjónusta	273.780.569	221.191.744
Vörusala	1.615.153	3.803.397
Framlög og ýmsar tekjur	89.983.072	121.095.607
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	39.988.740	36.716.764
Tekjur samtals	6.602.462.534	5.836.950.064
Gjöld		
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4.514.937.089	4.167.422.094
Framlög og tilfærslur	3.483.900	1.480.000
Annar rekstrarkostnaður	1.988.278.310	1.967.326.408
Afskriftir	39.988.740	36.716.764
Gjöld samtals	6.546.688.039	6.172.945.266
Afkoma fyrir fjármagnsliði	55.774.495	-335.995.202
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	160.180	58.911
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	-31.102	-75.805
	129.078	-16.894
Afkoma ársins	55.903.573	-336.012.096
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum		
Rekstur	49.012.473	-334.532.096
Rekstrartilfærslur	6.891.100	-1.480.000
	55.903.573	-336.012.096

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	31.12.2023	31.12.2022
Eignir		
Fastafjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Áhöld, tæki og búnaður	277.713.528	173.161.808
Farartæki og vélar	21.479.255	19.632.835
Fastafjármunir samtals	<u>299.192.783</u>	<u>192.794.643</u>
Veltufjármunir		
Birgðir	53.118.819	49.411.479
Viðskiptakröfur	36.131.248	34.157.568
Tengdir aðilar	558.257.218	505.401.869
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	4.416.705	6.441.462
Handbært fé	39.563.137	112.261.801
Veltufjármunir samtals	<u>691.487.127</u>	<u>707.674.179</u>
Eignir samtals	<u>990.679.910</u>	<u>900.468.822</u>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Hrein eign	101.023.242	45.119.669
Eigið fé samtals	<u>101.023.242</u>	<u>45.119.669</u>
Skuldir		
Tengdir aðilar	24.559.722	14.966.909
Viðskiptaskuldir	107.071.340	109.479.248
Ýmsar skammtímaskuldir	382.234.670	372.331.302
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	375.790.936	358.571.694
Skuldir samtals	<u>889.656.668</u>	<u>855.349.153</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>990.679.910</u>	<u>900.468.822</u>




Starfsemistölur

Tekið saman af Nínu Hrönn Gunnarsdóttur, framkvæmdastjóra hjúkrunar og Katrínu Einarsdóttur, gæðastjóra

Heilsugæslusvið

Heilsugæsla HSA þjónustar allt Austurland. Heilsugæslustöðvar eru átta og heilsugæslusel þrjú. Heilsugæslan er fyrsti viðkomustaður allra sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda, hvenær sem er sólarhrings, hvort heldur er slys eða veikindi, stórt eða smátt, brátt eða ekki brátt.



Þegar skoðaðar eru starfsemistölur heilsugæslusviðs sért að fjölgun hefur verið flesta mánuði ársins miðað við árið á undan eða um 6% en mest í janúar 34% en í október eru komur 14% færri miðað við október 2022. Athygli vekur að komum yfir sumarið, júní til ágúst hefur fjölgað um 9% milli ára.

Heimahjúkrun 2023	Jan	Feb	Mars	Apríl	Mai	Júní	Júlí	Ágúst	Sept	Okt	Nóv	Des
Fjöldi vitjana	2575	2326	2475	2470	2332	2266	2259	2150	2217	2309	2351	2387
Fjöldi einstaklinga	135	130	143	137	141	140	146	148	155	158	159	163

HSA annast heimahjúkrun á sínu starfssvæði og er sú þjónusta yfirleitt veitt út frá heilsugæslum stofnunarinnar nema á Vopnafirði þar sem Vopnafjarðarhreppur sér um þjónustuna út frá Sundabúð.

Á Seyðisfirði er heimahjúkrun veitt út frá hjúkrunarheimilinu Fossahlíð. Annars staðar er heimahjúkrun sinnt út frá heilsugæslum HSA. Árið 2023 fóru starfsmenn heimahjúkrunar að meðaltali í 2343 vitjanir og sinntu 146 einstaklingum í hverjum mánuði miðað við 132 einstaklingum árið 2022. Eru það 203 fleiri vitjanir en í fyrra og 14 einstaklingum fleira að meðaltali.

Þá eru mæðra- og fjölskylduvernd, ung- og smábarnaeftirlit og skólaheilsugæsla mikilvægir og lögbundnir þættir grunnþjónustunnar. Svo fjölbreytt hlutverk kallar á breiða fagþekkingu í fremstu línu þjónustukeðjunnar. Auk hinna hefðbundnu fagstétta hjúkrunarfræðinga og lækna, þá starfa í heilsugæslu HSA sjúkráþjálfari, iðjubjálfari, fíkniráðgjafi, félagsráðgjafi og sálfræðingar og æskilegt er að breikka þennan hóp enn og fjölga í honum. Teymisvinna þvert á fagstéttir og byggðarlög eru áhersluatriði starfsfólks og stjórnenda. Mikil fjarlægð í sérhæfða sjúkráþjónustu á Landspítala og á Akureyri er sérstök fagleg áskorun fyrir fagfólk heilsugæslu HSA. Innan HSA er starfrækt flýtvakt eða samdægursþjónusta og þurfa því skjólstæðingar með bráð erindi ekki að bíða eftir þjónustu. Á hana komu á árinu 6314 í heildina eða 526 á mánuði og voru símtöl í heildina 5.433 eða 452 á mánuði.

Skráðir þjónustuþegar á heilsugæslu HSA


Tölur frá 12.2023

Heilsugæsla	Fjöldi skráðra	Fjöldi skólabarna	Íbúar yfir 60 ára	Túlkabjónusta - fjöldi einstaklinga
Djúpivogur	667	86	138	3
Egilsstaðir	3.858	540	835	17
Neskaupstaður	1.452	218	371	5
Fjarðabyggð	3.338	490	230	114
Seyðisfjörður	646	53	193	1
Vopnafjörður	687	73	204	1
Alls	10.648	1.460	1.971	141

Heilsugæsla HSA hefur langa reynslu af þátttöku í kennslu verðandi heilbrigðisfagfólks, einkum lækna og hjúkrunarfræðinga. Læknanemar og sérnámsgrunnslæknar (áður kandídatar) sækja hér starfsnám. Þá er heilsugæslan viðurkennd kennslustofnun í sérnámi heimilislækna og í heilsugæsluhjúkrun. Af fjórtán sérnámsnemum í heimilislækningum sem átt hafa sína móðurheilsugæslu í HSA hafa sjö lokið sínu sérnámi en sjö þeirra eru enn í námi, mislangt komin. Af þessum sjö hafa fjórir snúið til baka til

stofunarinnar sem sérfræðingar og þrír þeirra starfa þar í dag. Fjöldi læknanema og sérnámsgrunnslækna hafa einnig snúið til baka í skemmri og lengri afleysingar og oft endurtekið. Þeir 7 hjúkrunarfræðingar sem lokið hafa sérnámi í heilsugæsluhjúkrun í HSA starfa allir við stofnunina. Þetta kennsluhlutverk og með virkri aðkomu alls starfsfólks HSA hefur því reynst ein besta leiðin til nýliðunar fagfólks og það er sérstakt áhersluatriði að styrkja HSA sem kennslustofnun.

Skráningar á heilsugæslu HSA eftir fagstéttum 2023	
Læknir	64.510
Hjúkrunarfræðingur	20.429
Ljós móðir	4.484
Sjúkraliði	27.713
Félagsráðgjafi	769
Sálfræðingur	2.430
Sjúkráþjálfi	981
Fíkniráðgjafi	547



Sjúkraflutningar og sjúkraflug

Þar sem starfssvæði HSA er víðfeðmt eru nokkrir aðilar sem skipta með sér sjúkraflutningum á þessu svæði. Slökkviliðið í Fjarðabyggð sér um sjúkraflutning í Fjarðabyggð og á Djúpavogi, Heilbrigðisstofnun Austurlands sér um Egilsstaði og Seyðisfjörð og svo eru Brunavarnir á Héraði með Vopnafjörð.

Samtals eru sjúkraflutningar innan starfssvæðis HSA fyrir árið 2023 alls 1.471 sem er svipað og fyrir árið 2022 en þá voru flutningar 1.456 talsins. Af þessum flutningum árið 2023 voru 529 flutningar til Neskaupstaðar á Umdæmissjúkrahúsið, þar af 400 á bráða-/slysamóttaka og 226 flutningar á flugvelli (Egilsstaðaflugvöll, Norðfjarðarflugvöll, Vopnafjarðarflugvöll og Hafnarflugvöll) með skjólstæðinga sem fluttir voru með sjúkraflugi út fyrir fjórðunginn. Þá voru 42 flutningar úr umdæmi HSA með sjúklinga norður í land (SAK).

2023	Útköll vegna sjúkraflutnings
762	Fjarðabyggð
511	Egilsstaðir
118	Seyðisfjörður
80	Vopnafjörður
1.471	HSA í heild

2023	Flutningur til
126	Egilsstaðaflugvöllur
83	Norðfjarðarflugvöllur
13	Vopnafjarðarflugvöllur
3	Hafnarflugvöllur
42	HSP/SAK
400	Bráða-/slysamóttaka FSN
129	Aðrar deildir FSN




Þjónustukönnun heilsugæslusviðs

Í lok árs 2023 fór fram þjónustukönnun á vegum Maskínu fyrir Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) um þjónustu heilsugæslustöðva á landsbyggðinni. Könnunin fór fram á tímabilinu 17. október 2023 til 5. janúar 2024. Maskína fékk upplýsingar frá SÍ um einstaklinga sem höfðu heimsótt heilsugæslustöðvar á landsbyggðinni árið 2023 og tók slembiúrtak úr þeim hópi. Þessir einstaklingar fengu sendan hlekk á könnunina í gegnum Réttindagátt SÍ.


Á Austurlandi tóku 428 einstaklingar þátt í könnuninni. Almennt séð komu heilsugæslur HSA mjög vel út samanborið við aðra landshluta. Þjónusta skorar yfir meðaltali og aðgengi almennt gott. Þá var í langflestum tilvikum sem heilsugæslur HSA hækkuðu hvað varðar jákvæða útkomu miðað við könnun fyrir árið 2022.

Hvað varðar einstaka þætti könnunarinnar má m.a. nefna að Austurland kemur betur út hvað landsmeðaltal varðar með traust til heilsugæslunnar þar sem um 70% svarenda á Austurlandi bera mjög mikið eða fremur mikið traust til heilsugæslu HSA á móti rúmum 60% yfir heildina.


Niðurstöður könnunarinnar sýna að um 75% svarenda á Austurlandi segjast vera mjög eða fremur ánægt með þjónustuna og mikill meirihluti svarenda (90%) telja að viðmót og framkoma starfsfólks heilsugæslunnar sé gott og fannst því að starfsfólkið vinni vel saman. Hins vegar voru heldur færri sem upplifðu góða samvinnu milli heilsugæslunnar og annarra þjónustuveitenda eða um 60%.




Almennt séð hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þjónustu heilsugæslu HSA?




Hversu mikið eða lítið traust berð þú almennt til heilsugæslu HSA?




Finnt þér starfsfólk heilsugæslu HSA vinna vel eða illa saman?



Hversu gott eða slæmt finnst þér almennt viðmót og framkoma starfsfólks heilsugæslu HSA?



Rúm 75% töldu sig hafa fengið fullnægjandi upplýsingar eða fræðslu í tengslum við erindi sitt. Hvað varðar þáttöku í ákvarðanatöku um meðferð töldu 13% sig lítið fá að taka þátt og hækkar þessi tala um 3% milli ára.




Einnig kom fram að einungis í 26% tilfella sögðu þátttakendur að starfsmaður heilsugæslunnar hefði rætt um lífsvenjur við viðkomandi í síðustu heimsókn þeirra á heilsugæsluna, oftast þá um hreyfingu, næringu og/eða svefn. Hér hefur HSA þó bætt sig aðeins og hækkað um 6% síðan síðast.


Langflestir bókuðu tíma á heilsugæslu með símtali og var rúmur helmingur sem sótti lækniþjónustu. 65% þeirra sem voru með mjög brýnt erindi fengu þjónustu strax og sama var með þá sem voru með fremur brýnt erindi þar sem 65% fengu þjónustu samdægurs. Þeir sem voru með erindi sem þarfnaðist þjónustu/tíma innan tveggja daga fengu í 62% tilvika tíma við hæfi og þeir sem ekki voru með brýnt erindi en þörfuðust þjónustu innan viku fengu það í 97% tilvika. Langflestir aðspurðra á Austurlandi fengu tíma innan viku eftir að leituðu eftir tíma, einungis 6,9% þurftu að bíða lengur sem er mun minna hlutfall en annarsstaðar á landinu (25-35%).

Þrátt fyrir þessa útkomu töldu um 43% svarenda að styttri bið eftir tíma/þjónustu væri brýnast að bæta hvað varðar þjónustu heilsugæslu HSA. Annað sem kom fram varðandi úrbætur á þjónustu var að 40% töldu skráningu á fastan heimilislækni vera brýnast hvað varðar bættu þjónustu, um 37% töldu brýnast að auðvelda aðgengi að læknum í gegnum síma og 30% fannst aukin rafræn þjónusta vera brýnust. Þá töldu einungis 9% svaranda engra úrbóta vera þörf og lækkar sú tala töluvert milli ára, var 22%.

Að fá hentugan tíma miðað við hversu brýnt var erindið




Hvað af eftirfarandi finnst þér brýnt að bæta í heilsugæslu HSA almennt?



Þess má geta að þeir þættir sem komu hvað verst út hjá Austurlandi hvað varðar þjónustu heilsugæslu HSA miðað við annarsstaðar á landinu eru þeir þættir sem snúa að rafbókanlegum tíma í gegnum heilsuveru og að vera með fastan heimilislækni skráðan á sig.


Niðurstöður könnunarinnar má túlka á þann veg að heilt yfir er starfsfólk heilsugæslu HSA að veita afbragðs þjónustu og er viðmót þeirra og framkoma almennt til fyrirmynda. Langflestir þátttakenda fengu tíma við hæfi. Það sem gefur vísbendingu um sóknarfæri snýr að spurningum sem varðar lífsvenjur skjólstæðinga og áhrif á heilsu þeirra. Þá má skoða og útfæra betur atriði er snúa að rafrænni þjónustu og samstarf heilsugæslunnar og annarra þjónustuveitenda. Hvað varðar þá þjónustu sem má bæta nefndu langflestir skort á sérfræðiþjónustu.




Gæðaviðmið í heilsugæslu

Gæðavísar í heilsugæslu eru teknir saman í gagnagátt Sjúkratrygginga Íslands og er hluti af fjármagnslíkani heilsugæslunnar. Hluti af breytilegu fjármagni sem úthlutað er til heilsugæslustöðva fer eftir stöðu hvernar stöðvar samkvæmt tilteknum gæðaviðmiðum og einum tilteknum áhersluþætti. Þessi gæðaviðmið voru valin af Heilbrigðisráðuneytinu í samvinnu við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.



Yfirferð lyfjalista er eitt af gæðaviðmiðunum þar sem lögð er áhersla á umsjón með lyfjanotkun og að farið sé einu sinni á ári yfir lyfjalista einstaklinga 60 ára og eldri. Í desember 2023 var búið að fara yfir lyfjalista 19% þessara þjónustuþega heilsugæslu HSA talið 12 mánuði aftur í tímann samanborið við 10,5% árið 2022. Í lok október þessa árs fór HSA í innleiðingaverkefni á miðlægu lyfjakort í samstarfi við Embætti landlæknis. Stofnun miðlægs lyfjakorts telst inn í þetta gæðaviðmið þó ekki sé einungis verið að telja lyfjakort hjá 60 ára og eldri. Innleiðingin tókst mjög vel og var HSA hrósað fyrir virkilega góða og vasklega frammistöðu. Greitt er fyrir stofnun miðlægs lyfjakorts sem inniheldur að minnsta kosti eitt lyf. Gert er ráð fyrir að átaksverkefnið taki tvö ár.



Annað gæðaviðmið sem fylgst er með er fjöldi spiometriur sem eru framkvæmdar á heilsugæslustöð á að minnsta kosti 3ja ára fresti hjá þeim sem eru með áhættuþætti. Til að mynda nú- eða fyrrverandi reykingafólk (F17) og einstaklingar með COPD, astma og önnur einkenni sem benda til langvinnslungnasjúkdóms. Ef borin er saman staðan á milli ára lækkar þessi tala hjá öllum nema einni heilsugæslustöð hjá HSA.




Hvað varðar influensu bólusetningu hjá áhættuhópum, þ.e. 60 ára og eldri, einstaklingar með astma, COPD, blóðþurrðarsjúkdóm í hjarta eða sykursýki, lækkar talan aðeins á milli ára en þrátt fyrir það helst HSA alls staðar yfir 50% markmiðinu.




Ef berum saman stöðuna á skráðum blóðþrýsting milli ára hjá einstaklingum í ákveðnum áhættuhópum (sykursýki, háþrýstingur, blóðþurrðarhjartasjúkdómar og langvinn lungnateppa) lækka tölur hjá 4 af 6 heilsugæslustöðvum en allar eru þó yfir viðmiði 1 árið 2023, þ.e. 40-60% og 5 af 6 heilsugæslustöðvum ná yfir 60-75% viðmiðið. Í ár nær engin yfir 75% viðmiða en því takmarki náðist á tveimur heilsugæslustöðvum árið 2022.

Einn af gæðavísunum tekur til reiknaðs hlutfalls barna sem hafa fengið 12 mánaða, 18 mánaða og 4 ára bólusetningar. HSA nær 95% markmiðinu í bólusetningu barna á 2 heilsugæslustöðvum af 6 en vantar aðeins herslumun til að ná viðmiðunarmörkum á hinum starfsstöðvunum. Árið 2022 náðist 95% viðmiðið á 3 heilsugæslustöðvum. Ath í einhverjum tilfellum eru börn flutt í burtu, jafnvel utanlands og í einhverjum tilfellum hefur bólusetningu verið hafnað.



Eitt af þeim atriðum sem fjármagnslíkan heilsugæslunnar skoðar er ákveðin átaksverkefni. Undanfarið hefur þetta verið heilsueflandi móttökur, þ.e. talinn er fjöldi einstaklinga 75 ára og eldri og einstaklinga með skráðar sjúkdómsgreiningar í tilteknum sjúkdómsflokkum (sykursýki 2, háþrýstingur, blóðþurrðarhjartasjúkdómar, langvinn lungnateppa, offita) yfir 15 mánaða tímabil. Markmiðið með þessu er að veita ákveðnum markhópum heildræna, framsækna og þverfaglega heilbrigðisþjónustu. Að styðja og styrkja eldra fólk til sjálfshjálpar auk þess að auðvelda aðgengi, samþættingu og samfellu viðeigandi heilbrigðisþjónustu.




Sjúkrasvið

Í Neskaupstað rekur HSA Umdæmissjúkrahús. Þar er sjúkradeild með 23 rými alls og sinnir sjúklíngum á hand- og lyflæknissviði sem og fæðingaradeild og hágæslurými. Alls eru skráðar 939 innlagnir á sjúkradeild árið 2023 sem er að meðaltali um 87 á mánuði. Meðalfjöldi sjúklínga á dag árið 2023 var 13,3 sem er ívið lægra en árið 2022 en þá var þessi tala 15,7. Meðalfjöldi legudaga er 3,62 fyrir árið 2023, var 4,48 árið 2022. Þá fækkar fæðingum á fæðingadeild um 7 á milli ára, voru skráðar 55 árið 2022 en eru 48 árið 2023.



Á sjúkrasviði er rekin öflug dag og göngudeild sem var formlega stofnuð í október 2023, áður var hún hluti af starfsemi sjúkradeildarinnar. Dag og göngudeildin sinnir einstaklingum sem eru að koma í lyfjagjafir og blóðskilun. Inngrip á skurðstofu, s.s. speglanir og ýmsar smærri aðgerðir eru einnig taldar sem ferilverk á sjúkrasviði. Árið 2023 eru skráð 885 ferilverk í gegnum göngudeild HSA í Neskaupstað, fækkar örlítið á milli ára, voru 938 árið 2022.




Innan sjúkrasviðs er einnig rekin endurhæfingaradeild bæði í Neskaupstað og á Egilsstöðum og sinnir hún sjúklíngum á sjúkradeild, íbúum á hjúkrunarheimilum og skjólstaðingum í göngudeildarþjónustu. Árið 2023 voru alls skráðar 6.495 meðferðir sjúkráþjálfra, 3.810 á Egilsstöðum og 2.685 í Neskaupstað. Iðjuþjálfar eru alls með skráðar 1.360 meðferðir.

HSA er með rannsóknarstofur og röntgentæki á Egilsstöðum og í Neskaupstað. Á Egilsstöðum eru skráðar 3.612 komur á rannsókn árið 2023 og 6.252 fóru í gegnum rannsókn í Neskaupstað. Alls eru skráðar 10.388 komur tengdar sýnatökum hjá HSA.

Þá eru skráðar komur í röntgen 1.344 í Neskaupstað árið 2023 og 656 á Egilsstöðum. Í Neskaupstað er einnig tölvusneiðmyndtæki og voru 960 skráðar komur þangað árið 2023.

Starfsemistölur - sjúkrasvið	2023
Innlagnir á sjúkradeild	939
Ferilverk - göngudeild	885
Sýnatökur - Rannsókn HSA	10.388
Röntgen	2.000
Tölvusneiðmynd	960


Endurhæfingadeild	2023
Sjúkrapjálfun - móttaka	3.531
Sjúkrapjálfun - hjúkrunarheimili	2.432
Sjúkrapjálfun - sjúkradeild	501
Iðjupjálfun	1.360




Hjúkrunarsvið

Heimili	Dyngja Egilsstöðum	Fossahlíð Seyðisfirði	Hjúkrunardeild Neskaupstað	Hulduhlíð Eskifirði	Uppsalir Fáskrúðsfirði	Alls
Fjöldi hjúkrunarrýma	36	18	10	20	20	104
Meðalfjöldi skjólstæðinga í mánuði	33,25	17,75	9,67	20,58	19,58	100,8
Meðalfjöldi skjólstæðinga á dag	30,42	14,55	8,7	19,61	19,05	92,33
Nýting hjúkrunarrýma	84%	81%	87%	98%	95%	89%


HSA rekur hjúkrunarheimili á 5 stöðum á Austurlandi, alls 104 rými. Í Múlaþingi eru tvö heimili, Dyngja á Egilsstöðum þar sem eru 36 rými, þar af 4 sjúkrarými og hjúkrunarheimilið Fossahlíð á Seyðisfirði þar sem eru 18 rými. Í Fjarðabyggð eru þrjú heimili, Uppsalir á Fáskrúðsfirði þar sem eru 20 rými, Hulduhlíð á Eskifirði einnig með 20 rými og svo hjúkrunarheimili í Neskaupstað með rými fyrir 10 íbúa sem staðsett er á Umdæmissjúkrahúsinu. Á hjúkrunarheimilunum Fossahlíð og á Dyngju eru starfræktar sérhæfðar einingar fyrir fólk með heilabilunarsjúkdóma.



Árið 2023 var meðalfjöldi íbúa á hjúkrunarheimilunum 100,83 í hverjum mánuði, meðalfjöldi á dag var 92 íbúar og var meðalnýting hjúkrunarrýma 89% árið 2023 sem er það sama og árið 2022.



Hægt er að meta svokallaða hjúkrunarþyngd með RAI mælitækinu en hjúkrunarþyngd er notuð til að gefa til kynna hversu mikið álag er á hjúkrunarheimilum yfir ákveðið tímabil. Hjúkrunarþyngd á hjúkrunarheimilum HSA mældist 1,04 fyrir tímabilið nóv 2023-feb 2024, hækkar um 0,02 frá því síðast. Þetta er þó töluvert undir landsmeðaltali þar sem hjúkrunarþyngd er 1,24. Einungis mælast 4 skjólstæðingar HSA með hjúkrunarþyngd yfir landsmeðaltali, þeir sem skora hæst eru með 1,63. Lægsta skor er 0,71.





Gæðavísar RAI mat á hjúkrunarheimilum


Til að meta gæði þjónustu og þarfir íbúa á hjúkrunarheimilum HSA er þrisvar sinnum yfir árið gert svokallað RAI-mat. Það stendur fyrir „Raunverulegur aðbúnaður íbúa“ (Resident assessment instrument) og er yfirgripsmikið þverfaglegt tæki sem metur hjúkrunarþarfir og heilsufar íbúa á hjúkrunarheimilum. Þetta mælitæki metur 20 gæðavísar sem eru svo notaðir til að fylgjast með gæðum þjónustunnar á hjúkrunarheimilum. Hafa þarf í huga að gæðavísar eru vísbendingar um hvernig meðferð og umönnun er á hjúkrunarheimilum en ekki algildur sannleikur.

Gæðaviðmið fyrir einstaka gæðavísar hafa bæði efri og neðri gæðaviðmið. Lélegt gæðaviðmið (efri mörk) gefur til kynna að viðfangsefni þurfi að kanna frekar og leita leiða til umbóta. Gott gæðaviðmið (neðri mörk) er það viðmið sem talið er lýsa góðri eða framúrskarandi umönnun og meðferð. Af 20 gæðaviðmiðum fer HSA yfir efri gæðaviðmið í 3 gæðavísur á tímabilinu nóv 2023-feb 2024, sem er einum gæðavísi minna en tímabilið þar á undan. HSA er undir neðra gæðaviðmiði í 2 gæðavísur. Ef borið saman við landsmeðaltal er HSA undir landsmeðaltali í 7 gæðavísur, svipuð niðurstaða og landsmeðaltalið í 5 gæðavísur og yfir landsmeðaltali í 8 gæðavísur.


Þessar niðurstöður gefa vísbendingar um að þjónusta hjúkrunarheimila HSA stendur ágætlega að vígi samanborið við önnur hjúkrunarheimili. Má þar sérstaklega nefna gæði er snúa að þrýstingssárum, líkamsfjötrum og það sem er kallað lyfjafjötra (notkun á sterkum geðlyfjum). Þeir gæðavísar sem HSA þarf að skoða aðeins betur með tilliti til úrbóta eru þeir sem tengjast þunglyndi og svo notkun á þvagleggjum.




Algengi þvagfærasýkinga




Algengi þyngdartaps




Algengi vökvaskorts




Algengi rúmfastra íbúa




Algengi á notkun sterkra geðlyfja í öðrum tilfellum en mælt er með




Algengi daglegra líkamsfjötra/öryggisútbúnaðar



Algengi hægðastíflu



Algengi þvagleggja




Atvikaskráning

Á árinu 2023 voru skráð 194 atvik á deildum HSA þar sem 96 einstaklingar áttu í hlut. Á heilsugæslusviði voru skráð 12 atvik sem náði til 11 einstaklinga. Á hjúkrunarsviði voru 143 atvik skráð sem 65 íbúar urðu fyrir. Á sjúkrasviði voru skráð 22 atvik sem 18 einstaklingar urðu fyrir. Algengasta tegund atviks var bylta, síðan atvik tengd lyfjameðferð og þar á eftir atvik tengd ofbeldi eða átökum. Tvö mjög alvarleg atvik voru skráð. Alls urðu 111 karlar fyrir atvikum og 83 konur.

Atvik HSA eftir alvarleika 2023		
	Fjöldi atvika	Fjöldi einstaklinga
Ekki metið	32	26
Mjög lítil alvarleiki	123	65
Lítill alvarleiki	24	19
Miðlungs alvarlegt	8	8
Alvarlegt	5	5
Mjög alvarlegt	2	2
Heildarsumma	194	96

Flest atvik urðu á dagvakt eða 106 þar sem 63 einstaklingar urðu fyrir atvikum. Fæst atvik urðu á nóttunni eða 26 þar sem 20 einstaklingar urðu fyrir atvikum.

Tími sólahrings þegar atvik verða í starfssemi HSA		
	Fjöldi atvika	Fjöldi einstaklinga
Dagvakt	106	63
Kvöldvakt	62	45
Næturvakt	26	20
Heildarsumma	194	96



Nýsköpun í heilbrigðisþjónustu

Þjóðin er að eldast og má áætla að fleiri aldraðir þurfa á þjónustu heilbrigðiskerfisins að halda í framtíðinni. Því þarf heilbrigðiskerfið að horfa til nýsköpunar af ýmsu tagi til að hafa burði til að takast á við þessa þróun. Það að innleiða nýsköpun og taka í notkun lausnir í formi velferðartækni mun hjálpa þjóðinni að mæta þessum áskorunum samfélagsins. Hröð þróun í velferðartækni kallar á breytingu á viðhorfum og starfsumhverfi heilbrigðisstarfsfólks. Með innleiðingu á velferðartækni er hægt að bæta líf einstaklinga og gera þeim kleift að búa í sjálfstæðri búsetu.

HSA hefur undanfarin ár verið framarlega í innleiðingu á nýsköpun í heilbrigðisþjónustu, eins og allt sem varðar nýjungar í Sögu sjúkraskrárkerfinu og er svo til búið að



útrýma öllum skráningum á pappír, allt orðið rafrænt. Dæmi um þetta eru rafrænar lyfjagjafaskráningar og miðlæg lyfjakort og rafræn fyrirmæli lækna. Auk þess nýtir starfsfólk HSA upplýsingar í gegnum Heilsugátt til að nálgast upplýsingar frá öðrum heilbrigðisstofnunum. Þá er HSA komið langt með innleiðingu á því sem snýr að fjarheilbrigðisþjónustu. Skortur á sérhæfðu starfsfólki og fjarlægð frá sérhæfðri heilbrigðisþjónustu hefur ýtt HSA í notkun á tækninni til að bæta sérfræðiþjónustu við íbúa umdæmisins, m.a. með notkun á fjarheilbrigðis búnaði, Agnesi, en með því getur heilbrigðisstarfsfólk "hitt" skjólstæðinga sína á starfsstöð umdæmisins en verið sjálft statt annars staðar á landinu eða jafnvel í öðru landi. Einnig er HSA að nýta sér nýjungar til að bæta þjónustu heim til skjólstæðinga sinna. Umdæmi HSA er mjög víðfeðmt sem skapar erfiðleika og flækjur við að veita þjónustu heim til fólks, sér í lagi heimahjúkrun til aldraðra í dreifbýli. Árið 2023 innleiddi HSA Evondos sjálfvirka lyfjaskammtara í heimahús, meðal annars til að hafa möguleika á að auka þjónustu heim fyrir einstaklinga sem þurfa aðstoð við lyfjaumsýslu en búa marga kílómetra í burtu frá þéttbýli og því erfitt að skipuleggja tíðar heimsóknir þangað. Þessir skammtarar eru að reynast vel og bæði skjólstæðingar og starfsfólk mjög ánægt með þá. Heimahjúkrun velur þá skjólstæðinga sem þau telja að geti nýtt sér þessa tækni eftir ákveðnum leiðbeiningum og hafa þá getu og færni sinna skjólstæðinga í huga. Með sjálfvirkum lyfjaskömmtum er komin leið til að tryggja að skjólstæðingar heimahjúkrunar taki lyf á réttum tíma án þess að auka þjónustuþörf viðkomandi þar sem ekki er þörf á tíðum heimsóknum heilbrigðisstarfsfólks. Sérstaklega er þessi tækni að nýtast vel fyrir þá sem búa í dreifbýli og ekki auðvelt að koma við daglegum heimsóknum frá heimahjúkrun vegna lyfjagjafa. Með lyfjaskömmtum er ekki einungis dregið úr vaxandi álagi á starfsfólk heimahjúkrunar vegna aukinnar þarfar á þjónustu fyrir aldraða í heimahúsum heldur er einnig verið að stuðla að lengri sjálfstæðri búsetu aldraðra. Töluverður sparnaður er fólgin í því en kostnaður við hvert hjúkrunarrými á Íslandi er um 12 milljónir á ári. Markmið með sjálfvirkum lyfjaskömmtum er að þjónustuþeginn upplifi aukið öryggi og sjálfstæði auk þess sem hann stuðlar að betri meðferðarheldni. Með notkun á sjálfvirkum lyfjaskömmtum í heimahús er hægt að spara bæði tíma starfsfólks og fjármagn auk þess sem svigrúm myndast til að fjölga skjólstæðingum heimahjúkrunar eða auka þjónustu við þá sem þurfa meiri aðstoð heim.


Katrín Einarsdóttir,
Gæðastjóri

Gott að eldast

Stjórnvöld hafa markvisst hafið þá vegferð sem nauðsynleg er til að taka utan um málefni eldra fólks á nýjan hátt og hefur sú vegferð fengið heitið Gott að eldast. Í maí 2023 var samþykkt aðgerðaráætlun sem var unnin af verkefnastjórn á vegum ríkisins með aðkomu þriggja ráðuneyta, Sambandi sveitarfélaga og Landssambandi eldri borgara. Aðgerðaráætlun er til fjöggra ára og á að vera leiðarvísir fyrir stjórnvöld um leiðarval í þjónustu við eldra fólk þar sem markmið er að eitt þjónustustig taki við af öðru og ábyrgð á þjónustubáttum verði skýr. Aðgerðaráætluninni “Gott að eldast” er samstarfsverkefni félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins annars vegar og heilbrigðisráðuneytisins hins vegar. Áætluninni er skipt í fimm megin þætti, A, B, C, D og E, þar sem hvert þeirra er með nokkur undirverkefni. Í hluta A er fjallað um samþættingu þar sem aðgerðir, í stuttu máli, snúast um að stuðla að skilgreindri samþættri félags- og heilbrigðisþjónustu sem veitt er fólki sem býr í heimahúsi. Sem liður í þessu var lagt upp með þróunarverkefni þar sem á að prófa mismunandi leiðir til samþættingar innan mismunandi þjónustusvæða, svæði sem eru svokallaðir undanfarar.

HSA sótti um aðild að þessu þróunarverkefni í tvíþættu samvinnuverkefni með tveimur stærstu sveitarfélögum á starfssvæði HSA, Fjarðabyggð annars vegar og Múlaþingi hins vegar. Við hjá HSA töldum mikilvægt að vera tilbúin að taka þátt í þessu prófunarstigi og þannig finna leiðir sem gætu best þjónað hagsmunum skjólstaðinga okkar. Því teljum við það mikið tækifæri að hafa verið valin til þátttöku í þessu þróunarverkefni til næstu ára. Samtal hefur verið í gangi milli aðila hjá sveitarfélögum og aðila innan HSA á þessari vegferð, búið að halda íbúafundi til kynningar á verkefninu, sem og fyrir starfsfólki innan félagsþjónustu og heimahjúkrunar. Krafa var gerð um að umsækjendur í verkefninu stefndu að einni sameiginlegri mannafla- og fjármálastjórn og er áætlað að HSA taki að sér það hlutverk.

Samþættingarhópurinn hér fyrir austan er skipaður starfsmönnum frá Félagsþjónustuviði sveitarfélaganna og HSA. Vinna samþættingarhópsins undanfarna mánuði hefur að mestu snúist um að kortleggja þá þjónustu sem þessi tvö kerfi veita í dag á starfssvæði HSA. Við höfum fengið fræðslu, ráðgjöf og kynningu á lausnum og verkefnum sem unnin hafa verið á sviði samþættingar og velferðartækni. Við vinnum áfram að þeim hugmyndum sem fram hafa komið undir handleiðslu aðila frá verkefnastjórn stjórnvalda og enn sem komið er höfum við ekki endanlegt handrit, enda verk í vinnslu. Við teljum mikilvægt að halda áfram að hafa starfsfólk og samfélagið með okkur í þessari þróun til að geta sett fram hugmyndir að verklagi og vinnu sem gagnast þjónustubegum okkar sem best.



Helstu hugmyndir sem eru í umræðu og stefnt er að frekari vinnu með í dag:


- Að allar umsóknir um þjónustu sem falla undir félags-stuðnings eða hjúkrunarþjónustu í heimahúsi fari í gegnum sameiginlega gátt (Island.is) þannig að þjónustupegar þurfi ekki að fara með umsóknir og fyrirspurn á marga mismunandi staði
- Að staðlað matstæki sé undanfari að mati á umsókn (verið að skoða matstækið Whodas og mögulega nýta Heilsuhjólíð inn í því ferli)
- Að eitt matsteymi sé skipað aðilum frá HSA og aðilum frá báðum sveitarfélögum sem taki allar umsóknir fyrir og það sama sé gert varðandi endurmat á þjónustupörf.
- Að dagþjónusta verði eflid m.a. með möguleikum inn á hjúkrunarheimili og reynt verði að horfa til sveigjanlegrar dagþjónustu með möguleikum á gistingu ef þörf er á.
- Að heimahjúkrun og heimþjónustu verði stýrt frá hjúkrunarheimilum og þannig reynt að auka á samskipti og samfellu í þjónustukeðjunni.
- Að tengiráðgjafar komi inn til að efla félagslega þátttöku og koma í veg fyrir einmanaleika eldra fólks í samfélaginu.

F.h. verkefnahóps HSA í „Gott að eldast“ þróunarverkefni,
Sigurveig Gísladóttir, fagstjóri hjúkrunarviðs.




Í umræðu um heilsueflingu er gjarnan rík áhersla á það sem einstaklingurinn ræður yfir (gult á mynd 1). Það er mikilvægt en undanskilur margt, ekki síst félagslega áhrifaþætti heilsu. Raunveruleg heilsuefling er ferli sem gerir fólki kleift að hafa meiri áhrif á eigin líðan og heilsu, þ.e. valdeflir fólk. Heilsueflingarstarf þarf að hafa útgangspunkt í áhrifaþáttum heilsu, með það að aðalmarkmiði að gera holla valið auðvelt og aðgengilegt þar sem fólk býr, starfar og leikur sér, óháð aldri, kyni, fötlun, félagslegri stöðu o.fl.

Það rauða á mynd 1 eru ekki síst félagslegir þættir sem eru mjög fjölbreyttir og taka til atriða er ýmist heyra undir ríki (Alþingi) eða sveitarfélög (sveitarstjórnir).



Mynd 2, „Heilsuhallinn“

Mynd 2 sýnir dæmi um félagslega þætti sem gera þeim erfiðara fyrir sem t.d. búa við bág kjör, slæm húsakynni og atvinnuleysi. Byggi heilsueflingarstarf á því að segja heilsuefling hefst hjá þér, þá þarf samtímis að líta til þess að aðstæður fólks til að vinna að bættri líðan sinni og heilsu eru mjög misjafnar. Án þess verður mögulega horft fram hjá þeim félagslegu fleygum sem torvelða sumum að rúlla sínum heilsubolta. Gjöld og þroskuldur sem samfélagið útsetur okkur fyrir eru oft jafnhá (jafnrétti) en mæta okkur hins vegar í öllum okkar fjölbreytileika og mismunandi aðstæðum og íþyngja því sumum meira en öðrum (ójöfnuður), sjá mynd 3.



Mynd 3 Munurinn á jafnrétti og jöfnuði

Lýðheilsuvísar

Að þessu sögðu um áhrifaþætti heilsu og um heilsueflingu skal árétta mikilvægi þess að meta heilsu samfélaga reglulega. Embætti landlæknis gerir það og birtir árlega svokallaða lýðheilsuvísa fyrir landið í heild (landsmeðaltal) og heilbrigðisumdæmin hvert fyrir sig. Á heimasíðu landlæknis er gagnlegur texti um lýðheilsuvísa og þar segir m.a.;

Lýðheilsuvísar eru safn mælikvarða sem ætlað er að gefa vísbendingar um heilsu og líðan þjóðarinnar á hverjum tíma. Lýðheilsuvísunum er ætlað að auðvelda heilbrigðisþjónustu og sveitarfélögum að greina stöðuna í eigin umdæmi, finna styrkleika og áskoranir og skilja þarfir íbúa þannig að hægt sé að vinna með markvissum hætti að því að bæta heilsu og líðan.

Það er sérstaklega með vísan í þessa tilvitnun að forstjóri og framkvæmdastjórn HSA vilja með markvissum hætti stuðla að virkri greiningu á lýðheilsuvísunum fyrir Austurland á hverju ári. Um það vill stofnunin eiga samvinnu við aðra, ekki síst fulltrúa sveitarstjórna á Austurlandi. Það er í takt við þann vilja HSA að vera heilsueflandi stofnun, en einmitt samvinna við aðra aðila á þjónustusvæðinu er þar lykilatriði. Sveitarfélögin hafa með ýmsum hætti sýnt áhuga á og sinnt heilsueflingu og lýðheilsuárum. Metnaður sveitarfélaganna fh. lýðheilsu sýnir sig m.a. í að þau hafa samþykkt Svæðisskipulag fyrir Austurland 2022 – 2044 og urðu fyrst íslenskra sveitarfélaga til slíks. Þar segir m.a. um lýðheilsu; „Hugað verði að lýðheilsu og mögulegum áhrifum á hana við alla stefnumótun og skipulagsgerð“. Markmið slíks samráðs HSA og sveitarfélaga væri að greina hvernig við komum út miðað við landsmeðaltal, hvað er gott og spyrja hvers vegna svo sé og hvernig megi viðhalda því og hvað er síður gott og hvort og hvernig megi þar bæta úr. Þau sem vilja kynna sér meira um lýðheilsuvísa geta gert það hér: <https://island.is/lydheilsuvisar>

Dæmi um lýðheilsuvísa fyrir Austurland árið 2023 sem marktækt skera sig frá landsmeðaltali og gæfu tilefni til samráðs og rýni eru;

Dæmi um vísa sem virðast koma vel út:

- Sýklalyfjaávisanir til barna undir 5 ára marktækt undir landsmeðaltali
- Austfirskar konur nýta skimun fyrir brjóstakrabba betur en landsmeðaltal
- Ótti fullorðinna við glæpi í nærumhverfi er langt undir landsmeðaltali
- Hlutfall fullorðna sem ekki hafa efni á lækniþjónustu er langt undir landsmeðaltali

Dæmi um vísa sem virðist æskilegt að bæta:

- 1. bekkingar okkar taka síður lýsi en landsmeðaltalið
- 10. bekkingar okkar nota níkótínþúða meira en landsmeðaltalið
- Fullorðnir stunda rösklega hreyfingu minna en landsmeðaltalið
- Virkur ferðamáti 7. bekkinga til skóla er langt undir landsmeðaltali

Hugsanlegur afrakstur árlegrar rýni lýðheilsuvísa væri t.d. að velja eitt eða fleiri áhersluatriði það árið, samráð og upplýsingaflæði til íbúa, félagasamtaka, og fyrirtækja, greinarskrif o.fl. Síðast en ekki síst væri þetta líklegt til að varpa enn betur ljósi á og lyfta upp mörgu því góða starfi sem einstaklingar, félagasamtök, íþróttafélög, fyrirtæki o.fl. vinna í þágu lýðheilsu á Austurlandi. Slíkt verðskuldar aukna athygli og í því sambandi má nefna að íslensku lýðheilsuverðlaunin voru veitt öðru sinni á síðasta degi vetrar, þann 24. apríl sl. Við það tækifæri sá landlæknir ástæðu til að verðlauna forseta vorn Hr. Guðna Th. Jóhannesson fyrir það að hann stofnaði til lýðheilsuverðlaunanna í sinni forsetatíð.

Orðtakið hver er sinnar gæfu smiður á rétt á sér en segir ekki allan sannleikann, þegar heilsa og lýðheilsa eru annars vegar. Fjölbreytni íbúa og aðstöðumunur þeirra gagnvart hollu vali kallar á að opinberir innviðir nærsamfélagsins gangist við og fóstri lýðheilsuna sem sitt verkefni. Að heilbrigðisstofnun og sveitarfélög taki höndum saman við það og nýti lýðheilsuvísana sem eitt sinna aðalverkfæra, getur skilað miklu fyrir mörg. Þetta fjallar jú um fólk, allt fólk og góð heilsa er gulli betri.

Pétur Heimisson,
framkvæmdastjóri lækninga

